

- 124** 1. Ólafi Ólafssyni frá Lundum í Mýrasýslu 200 kr.
 2. ágúst. 2. Boga Helgasyni frá Vogu í sömu sýslu 200 —
 3. Jósepi Bjarnarsyni frá Fögrubrekku í Strandasýslu með sjerstaklegu tilliti til
 þess, að hann samkvæmt vottorði frá forstöðumanni skólans virðist vera mjög
 efnilegur, og þar sem hann er bláfátækur 400 —
 Enn fremur veitast hjer með af nefndu fje 233 kr. upp í laun jarðyrkjumanns
 Ólafs Bjarnarsonar.
 Ávisun á ofan nefndar samtals 1033 kr. fylgir hjer með.

- 125** — *Brjef landshöfðingja til biskups um þjónustu Kjalarnesþingapresta-*
 8. ágúst. *kalls.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í brjefi frá 22. f. m. samþykkist
 hjer með, að löggilding prestanna á Reynivöllum og Mosfelli til þess að þjóna hinn fyrr-
 nefndi Saurbøjarsókn og hinn síðarnefndi Brautarholtssókn verði lengd um 2 ár eða til
 fardaga 1880.

- 126** — *Brjef landshöfðingja til stiðtsyfirvaldanna um þóknun fyrir tilsögn í*
 12. ágúst. *söng og organslætti.* — Samkvæmt tillögum stiðtsyfirvaldanna í brjefi frá 16.
 f. m. hefi jeg af fje því sem með 15. gr. fjárlaganna um árin 1878—79 er lagt til vís-
 indalegra og verklegra fyrirtækja veitt organista Jónasi Helgasyni 100 kr. þóknun fyrir
 tilsögn í söng og organslætti á þessu ári.

- 127** — *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um lax-*
 13. ágúst. *veiðina í Elliðaáum.* — Eptir að þjer herra amtmaður höfðuð látið halda skoð-
 unargjörð á þeim laxveiðaáhöldum, sem eigandi laxveiðarinnar í Elliðaánum, kaupmaður
 Thomsen, við hefir við áminnsta laxveiði, til að komast að raun um, hvort svo mikið bil
 væri milli rimanna í laxakistum hans, að lax, sem er 9 þumlunga gildur, gæti smogið
 þær, svo sem ákveðið er með 5. grein laganna 11. maí 1876, hefir Thomsen kaupmaður
 í brjefi frá 3. þ. m. leitazt við að sanna fyrst og fremst, að ákvarðanir í 5. grein nefndra
 laga ekki verði heimfærðar á laxveiðina í Elliðaánum, og þar næst að veiðiáhöldum sínum
 sje svo fyrirkomið, að 9 þumlunga gildur lax geti komizt gegnum þau. Þjer hafið því
 herra amtmaður í þóknanlegu brjefi 5. þ. m. spurt, hvort svo beri að álíta, að laxveiðin í
 Elliðaánum heyri undir ákvarðanirnar í 5. grein fyr tjeðra laga, þar eð þjer annars kostar
 ekki finnið ástæðu til að skjóta því undir atkvæði dómstólanna, hvort áminnzt veiðiáhöld
 sjeu samkvæm fyrirmælum laganna.

Af þessu tilefni læt jeg ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður til þóknan-
 legrar leiðbeiningar og aðgjörða, að brjef ráðgjafans frá 26. maí f. á. að eins geti um þá
 spurningu, hvort fyrirmæli 2. gr. laga frá 11. maí 1876, en þau virðast eptir sambandi því, er
 þau standa í við landsleigubálk Jónsbókar 56. kap., að eins að stefna að því að tiltaka ná-
 kvæmar þau rjettindi, er bera ýmsum mönnum, sem eiga veiði, í sömu á hvorum gagn-
 vart öðrum, geti álitizt að ná til laxveiðinnar í Elliðaánum, sem Thomsen samkvæmt
 hæztarjettardómi 16. febr. 1875 er einkaeigandi að, en aptur á móti snertir áminzt
 brjef ekki það spursmál, hvort almennar ákvarðanir þær um friðun á laxi, er lög 11.
 maí 1876 innihalda, ná til nefndra áa, og ber að ætlan minni að svara því ját-
 andi.